

Tillaga
Afgreiðsla

A 1978/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að leggja bann við námuvinnslu á djúpsjávarbotni á alþjóðlegum hafsvæðum á meðan umhverfislegar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar hennar hafa ekki verið rannsakaðar að fullu

Bakgrunnur

Heilsa plánetunnar okkar er háð hafinu. Hafið, sem þekur meira en 70% jarðarinnar og inniheldur 95% af lífríki þess er heimili einstaks líffræðilegs fjölbreytileika, er mikilvægur hluti af baráttunni gegn loftslagsbreytingum og geymir menningarverðmæti fyrir samfélög um allan heim.

Nú er ógnum gegn höfum heimsins fer fjölgandi, meðal annars af loftslagsbreytingum, ofveiða, plastmengunar og hafsbotsborunar, standa þau frammi fyrir nýrri og hættulegri ógn: djúpsjávarnámuvinnslu. Námuvinnslufyrirtæki og þau ríki sem styðja þau keppa nú að því að verða fyrst til að vinna sjaldgæfa jarðmálma úr sjávarbotninum, þar á meðal nikkell, kóbalt, kopar og mangan.

Ef þessi áhættusama iðnaðarstarfsemi fengi að fara fram myndi hún valda miklum skaða á viðkvæmu sjávarlífríkjum og þeim milljónum tegunda sem halda til í þeim, sem hefur einnig áhrif á starfsemi á borð við fiskveiðar, sem eru mjög mikilvægur hluti af matvælaöryggi og lífsviðurværi strandsamfélaga. Fleiri en 600 vísindamenn og sérfræðingar hafa varað við því að námuvinnsla á djúpsjávarbotni myndi leiða til minni líffræðilegs fjölbreytileika og virkni vistkerfa óafturkræft í margar kynslóðir.

Auk þess gegna höfin og vistkerfi í djúpsævi lykilatriði í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, þar sem höfin eru stærsta kolefnisgeymsla heims og geymir gríðarlegt magn af koldíoxíði. Námuvinnsla á djúpsjávarbotni getur raskað kolefnisgeymslum og loftlagstemprandi virkni hafsins með því að sundra þessum geymslum og losa gasið sem er bundið í hafsbotninum.



Þeir sem styðja námuvinnslu á djúpsjávarbotni halda því fram að steinefni á djúpsjávarbotni séu nauðsynleg fyrir græn umskipti, til dæmis til að uppfylla efnispörf fyrir rafhlöður rafbíla. Á meðan sumir innan iðnaðarins og ríki sem eru hliðholl honum leggja áherslu á mikilvægi þess að hefja námuvinnslu á djúpsjávarbotni strax árið 2024 telja sumir að ný kynslóð rafhlaðna sé væntanleg. Þessar rafhlöður geta annaðhvort endurnýtt þessa málma eða sleppt því að nota þá yfir höfuð. Það þýðir að í stað þess að hefja nýja og umfangsmikla iðnaðarstarfsemi ættu allir hlutaðeigandi aðilar að fjárfesta í nýrri tækni og kerfum sem myndu minnka eftirspurn eftir hráefnum með endurnotkun, endurvinnslu og nýrri tækni.

Græn umskipti mega ekki eiga sér stað á kostnað líffræðilegs fjölbreytileika og stærstu kolefnisgeymslu plánetunnar. Auk þess bendir Greenpeace á aðra áhættu í tengslum við borun á hafsbotni, sem er að straumar bera setlög frá vinnslusvæðum yfir á önnur annars ósnert svæði og raska meðal annars kóralrifum. Jafvel þótt aldrei hafi verið borað á þessum svæðum.

Í kjölfar opinberrar beiðni frá Lýðveldinu Naúru árið 2021 um að byrja að nýta djúpsjávarauðlindir vinnur Alþjóðahafsbotsstofnunin nú að því að flýta fyrir þróun námuvinnslureglna sem gætu verið samþykktar þegar í júlí 2024. Með öðrum orðum höfum við minna en eitt ár til stefnu til að stöðva þennan óskynsamlega iðnað og vernda hafið áður en það er of seint. Einnig hefur verið lýst yfir áhyggjum af því að stofnunin sem myndi hafa eftirlit með því sem er stærsta námuvinnsla sögunnar, fengi hún að fara fram, sé ekki hæf fyrir verkefnið. Eins og stendur er skýr slagsíða til hagsmuna iðnaðarins innan Alþjóðahafsbotsstofnunarinnar og í þeim námuvinnslureglur sem lagðar hafa verið til, sem þýðir að vísindalegt mat hefur algjörlega verið lagt til hliðar.

Að endingu samræmist þessi ákefð til að hefja námuvinnslu í djúpsævi ekki alþjóðlegum skuldbindingum um loftlagsaðgerðir og vernd náttúrunnar, þar á meðal „Leaders Pledge for Nature“ og samþykkt 122 um „vernd vistkerfa í djúpsævi og líffræðilegs fjölbreytileika með banni við námuvinnslu á hafsbotni“, sem var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta á IUCN World Conservation Congress í september 2021.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin veitir því sérstaka athygli að viðræður um reglur um námuvinnslu á djúpsævi eru í gangi á vegum Sameinuðu þjóðanna. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja eftirlit með námuvinnslu í djúpsævi og tryggja skynsamlega vinnslu jarðefna til að forðast mikinn skaða á mikilvægum lífríkissvæðum sem hafa verið ósnert í þúsundir ára. Nefndin veitir því athygli að námuvinnslu á djúpsævi fylgir hætta á losun mikils magns kolefna sem nú eru bundin á hafnbotni. Ef það gerist getur magn gróðurhúsalofttegunda aukist í áður óþekktum mæli og þannig stuðlað að loftlagsbreytingum.



Nefndin hefur miklar áhyggjur af því að enn skortir þekkingu og rannsóknir á afleiðingum námuvinnslu í djúpsævi og því þarf að afla meiri þekkingar á þessu sviði. Ógnin við líffræðilega fjölbreytni og sífellt hraðari loftlagsbreytingar kalla á það að lönd heimsins gæti varúðar í málefnum sem þessum.

Nefndin leggur áherslu á að tillagan fjallar um starfsemi á alþjóðlegum hafsvæðum og að það er Alþjóðahafsbotnsstofnunin (ISA) sem gefur út leyfi. ISA hefur engin leyfi gefið út enn sem komið er en hefur gefið 31 rannsóknarleyfi.

Nefndin veitir athygli ályktun Evrópuþingsins¹ um sjálfbært blátt hagkerfi í Evrópusambandinu, en þar kemur fram að náttúrulegt umhverfi á djúpsævi sé þess eðlis að það sé afar viðkvæmt fyrir álagi af mannavöldum. Í ljósi þess hefur Evrópuþingið hvatt framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að styðja alþjóðlegt bann við námavinnslu á hafsbotni á djúpsævi. Nefndin vísar til ályktana Evrópuþingsins² og framkvæmdastjórnar ESB³.

Nefndin veitir því athygli að afstaða stjórnvalda í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er sú að samþykkja verði reglur sem fela í sér trausta vernd fyrir sjávarumhverfi áður en til greina komi að hefja námavinnslu á djúpsævi. Vísað er til þess að nú standi yfir á vegum ISA viðræður ríkja heims um regluramma um vinnslu steinefna og málma á hafsbotni á djúpsævi. Um leið leggja stjórnvöld þessara ríkja áherslu á að þekking um lífríki og búsvæði á djúpsævi og vitneskja um umhverfisafleiðingar námavinnslunnar sé af mjög skörnum skammti. Danska ríkisstjórnin hefur tilkynnt að opinberar stofnanir frá öllu ríkissambandinu hafi orðið ásáttar um að styðja í forvarnarskyni tímabundið bann við námavinnslu á djúpsjávarbotni á alþjóðlegum hafsvæðum. Nefndin hefur mikinn áhuga

¹ [Texts adopted - A sustainable blue economy in the EU: the role of fisheries and aquaculture - Tuesday, 3 May 2022 \(europa.eu\)](https://www.europa.eu/press-communications/infobox/press_corner.do?cid=1234567890)

² Evrópuþingið 2021: https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/TA-9-2021-0277_EN.html Reiterates its call on the Member States and the Commission to work through the International Seabed Authority in order to ensure transparency in its working methods as well as the **effective protection of the marine environment from harmful effects and the protection and preservation of the marine environment**, as required under Parts XI and XII of the UN Convention on the Law of the Sea, and calls on the Member States to assume a proactive and progressive role within international bodies in order to put forward transparency reforms and increase the overall environmental ambition of actions undertaken;

³ Framkvæmdastjórn ESB 2022: https://oceans-and-fisheries.ec.europa.eu/system/files/2022-06/join-2022-28_en.pdf *On deep seabed mining, there is a broad consensus in the scientific community and among States that knowledge related to deep-sea environment and the impacts of mining are not comprehensive enough to enable evidence-based decision-making to allow for proceeding safely with exploitation. The EU will continue to advocate for **prohibiting deep-sea mining until these scientific gaps are properly filled, that it can be demonstrated that no harmful effects arise from mining** and, as required under the UNCLOS, the necessary provisions in the exploitation regulations for the effective protection of the marine environment are in place.*



á nýjum uppgötvunum rannsóknarteymis sem birti nýlega niðurstöður⁴ rannsókna á djúpsævi við strendur Síle. Ein rannsókn leiddi í ljós meira en 100 tegundir sem taldar eru vera nýuppgötvaðar tegundir.

Kiruna, 25. júní 2024

Johan Andersson (S)
Karin Gaardsted (S)
Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)
Emma Berginger (MP)

FYRIRVARI

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að gera fyrirbyggjandi hlé á námavinnslu á djúpsjávarbotni á alþjóðlegu hafsvæði þar til komið hefur verið á reglum sem auka verndun sjávarsvæða og taka tillit til þeirra óvissuþátta sem fyrir eru.

Fyrirliggjandi tillaga um að bann skuli sem gildi meðan ekki hefur verið rannsakað ítarlega hverjar umhverfislegar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar slíkrar starfsemi verða er mjög óskýr varðandi hvenær þeim skilyrðum er náð.

Norrænt frelsi lítur svo á að sú afstaða ríkisstjórna Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands sé skynsamleg, að ákvæði um leyfisveitingar til námavinnslu á djúpsjávarbotni komi fram í löggjöf. Þar sem afleiðingar námavinnslu á djúpsjávarbotni muni verða mjög mismunandi eftir því hvað fer fram og hvernig og hvar það fer fram, ætti að tryggja að eftirlit sé í samræmi við hvert tilvik fyrir sig. Krafa um löggjöf er betri en almenn boð og bönn. Slíkt er sanngjarnara, fyrirsjáanlegra og réttarlega öruggari.

Alþjóðlegt samkomulag um málið getur meðal annars snúist um staðla fyrir umhverfislöggjöf og sameiginlegt áhættumat.

Kiruna, 25. júní 2024

Staffan Eklöf (SD)

⁴ [More than 100 possible new marine species discovered in a single deepsea expedition \(ampproject.org\)](https://ampproject.org)